

Skipulag náms

Námið skiptist í fimm lotur. Lotur skiptast í áfanga. Hver áfangi tekur eina viku og er gert ráð fyrir að nemendur verji um 10 klst. í nám og verkefnavinnu í hverri viku.

Ég - verkstjórinn/millistjórnandinn er 9 vikur (lota 1): Fjallar um einstaklinginn í þeirri stöðu sem hann gegnir; hvers vegna er „ég“ hér, hversu hæfan tel „ég mig“ vera og hvað þarf „ég“ til að auka hæfni mína? Hver er afstaða „mín“ til fyrirtækis, yfirmanna, samstarfsmanna og undirmanna?

Ég og samstarfsfólkið er 23 vikur (lota 2): Lotan er þrískipt:

- Formleg staða verkstjóra / millistjórnanda (lota 2.1): í ljósi laga, reglugerða og kjarasamninga.
- Mannauðsstjórnun (lota 2.2): Fjallar um meginatriði mannauðsstjórnunar, bæði í skipulagseiningu (deild, sviði, útibúi) og skipulagsheild (fyrirtæki, stofnun).
- Heilsufar og atferli starfsmanna (lota 2.3): Fjallar um starfsaðstöðu, velferð (s.s. öryggismál, heilsufar), fjarvistir og ýmis vandamál sem fyrirtæki og starfsmenn glíma við - ásamt lausnum.

Fyrirtækið – Skipulag, rekstur og umhverfið (lotur 3, 4 og 5) eru kenndar saman og eru 28 vikur.

Fyrirtækið – Skipulag (lota 3): Hér er fjallað um innra skipulag fyrirtækja sem verkstjóri / millistjórnandi þarf að hafa þekkingu á og hæfni til að höndla, s.s stjórnkerfisskipulag og ákvarðanatöku á þeim vettvangi, formlegt starfsmannahald, gæðakerfi, öryggismál á vinnustað og viðhald tækja, einkum með tilliti til öryggis og framleiðni.

Fyrirtækið – Rekstur (lota 4): Verkstjórar / millistjórnendur eru leiddir í gegnum þau atriði í rekstraráætlunum sem þeir þurfa að hafa á reiðum höndum. Þetta lýtur að markmiðum, ferlum, framleiðnimælingum, hagræðingu og tölulegum rekstrarupplýsingum.

Fyrirtækið – Umhverfið (lota 5): Hér er sjónum beint að fyrirtækinu í nær- og fjærumhverfi sínu, eigendum, viðskiptavinum, keppinautum, birgjum, stofnunum og stjórnvöldum. Fjallað um þessa þætti í ljósi stefnu skipulagseiningar, t.d. umhverfis- og samfélagsstefnu.